Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2503
komudagur 24.5.2004

Vestmannaeyjum 24.05.2004

**Sjávarútvegsnefnd Alþingis**
*Hr. Formaður, Guðjón Hjörleifsson*
*Nefndarsvið Alþingis, Austurstræti 8-10*
*150 Reykjavík*

<u>Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 996. mál.</u>

Á undanförnum árum hefur afli dagróðrabáta utan aflamarkskerfisins aukist verulega. Á síðasta fiskveiðiári var aflinn á annan tugþúsunda tonna. Sé fiskverndunarsjónarmiðið virt við stjórn fiskveiða mun þessi aflaaukning fyrst og fremst ganga á hlutdeild aflamarkskerfisins af heildar botnfiskafla þjóðarinnar. Þar sem vægi aflamarkskerfisins er misjafnt eftir byggaðlögum mun slíkt óhjákvæmilega leiða til þess að kvóti færist frá einu byggðarlagi til annars. Við slíkt verður ekki unað.

Bæjarráð Vestmannaeyja telur að nauðsynlegt sé að takmarka heildarafla sóknardagabáta og jafnframt að slíkt sé hægt með **takmörkun á fjölda veiddra tonna** í sóknardagakerfinu eða að **allir** bátar á sóknardögum fái úthlutað krókaaflamark.

Í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 3 gr. er gert ráð fyrir bátar innan sóknardagakerfisins geti valið á milli sóknardaga annarsvegar og krókaaflamarks hinsvegar sem sé úthlutað samkvæmt skilgreindum reiknigrunni. Bæjarráð Vestmannaeyja getur með engu móti fallist á slíka tilhögum þar sem afli báta sé ekki takmarkaður í tonnum talið nema að takmörkuðu leiti og leggst þar með gegn frumvarpinu.

F.h Bæjarráðs Vestmannaeyja

Bergur Elías Ágústsson
bæjarstjóri

23. 05. 04 14:20 *VESTMANNAEYJ 4882001 S 01